

## Gegnir - Aðgerðaráætlun fyrir opnun kerfisins í útgáfu 18

Gegnir verður uppfærður í útgáfu 18 dagana **6. - 11. júní** næstkomandi. Á meðan á uppfærslunni stendur verður Gegnir lokaður, en mögulegt er að nota ótengd útlán á tímabilinu. Forsenda þess að hægt sé að nota ótengd útlán er að búið sé að uppfæra biðlarann í útgáfu 18 áður en ótengdu útlánin hefjast. Meðfylgjandi eru leiðbeiningar um ótengd útlán.

Uppfærslan í útgáfu 18 er flókið ferli sem Landskerfi bókasafna hefur undanfarna mánuði unnið að í samvinnu við ýmsa hagsmunaaðila. Þessir aðilar eru Ex Libris í Þýskalandi sem þjónustar Aleph kerfið, Nýherji h/f sem hýsir og þjónustar vélbúnaðarhluta Gegnis, Miracle sem veitir sérfræðiaðstoð varðandi Oracle gagnagrunninn og síðast en ekki síst eru það aðildarsöfn Gegnis sem hafa veitt ómetanlega hjálp varðandi prófanir á nýju útgáfunni.

Eins og áður hefur komið fram mun nýr og endurbættur vefur gegnir.is líta dagsins ljós um leið og ný útgáfa fer í loftið. Það er takmark okkar að nýr gegnir.is þjóni notendum kerfisins betur en núverandi vefur. Unnið hefur verið ötullega að því að bæta leitarvefinn en vegna ýmissa kerfislegra þátta hefur reynst erfitt að ná öllum þeim markmiðum sem lagt var af stað með. Þess ber að geta að þróun og betrubætur á gegnir.is munu halda áfram og vera fastur liður í starfsemi fyrirtækisins í framtíðinni.

Helstu aðgerðir vegna uppfærslu í útgáfu 18, fram að opnun kerfisins 11. júní, eru:

| Aðgerð                                                                                                                                             | Dagsetning   | Ábyrgð               | Athugasemdir                                                                                                                                                   |
|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------|----------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Uppsetning nýs disks í Goethe (raunumhverfi)                                                                                                       | 13. maí      | Nýherji              | Ath. Gegnir lokar kl. 19:30                                                                                                                                    |
| Biðlari sendur út ásamt leiðbeiningum                                                                                                              | 5. júní      | Landskerfi bókasafna |                                                                                                                                                                |
| Biðlari settur upp á söfnunum<br><b>Athugið að nauðsynlegt er að vera með "administrator" réttindi á tölvunar til þess að setja biðlarann upp.</b> | 6. - 10 júní | Aðildarsöfn Gegnis   | Hægt er að setja nýjan biðlara upp strax eftir lokun kerfisins. Ætlast er til að söfnin verði búin að setja biðlarann upp áður en kerfi opnar aftur, 11. júní. |
| Kerfið lokar                                                                                                                                       | 5. júní      | Nýherji              | Eftir lokun safnanna                                                                                                                                           |
| Afritataka (Cold backup) - Goethe og Blixen                                                                                                        | 5. júní      | Nýherji              |                                                                                                                                                                |

| Aðgerð                                                                             | Dagsetning    | Ábyrgð                            | Athugasemdir                                                                                                |
|------------------------------------------------------------------------------------|---------------|-----------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| gegnir.is                                                                          | 5. júní       | Landskerfi bókasafna              | Tryggja öryggi vefskráa                                                                                     |
| gegnir.is - enskt viðmót                                                           | 6. - 11. júní | Landskerfi bókasafna              | Unnið verður að þýðingu vefjarins á meða kerfið er lokað.                                                   |
| Uppsetning stýrikerfis í RedHat4                                                   | 6. júní       | Nýherji                           |                                                                                                             |
| Goethe                                                                             | 6. júní       | Nýherji                           |                                                                                                             |
| Blixen                                                                             | 6. júní       | Nýherji                           |                                                                                                             |
| Uppfærsla Oracle hugbúnaðarins í útgáfu 10.2.0.3                                   | 6. júní       | Miracle                           |                                                                                                             |
| Uppfæra Oracle gagnagrunninn                                                       | 7. júní       | Miracle                           | Blixen                                                                                                      |
| Ath. Venjuleg afritataka dugar fyrir Snorra og Öldu                                | 7. júní       | Nýherji                           |                                                                                                             |
| Afritataka (Cold backup) - Goethe og Blixen                                        | 8. júní       | Nýherji                           |                                                                                                             |
| Uppsetning útgáfu 18                                                               | 9. júní       | Ex Libris                         |                                                                                                             |
| Uppfærðar og íslenskaðar stýritöflur afritaðar frá prófunarumhverfi í raunumhverfi | 10. júní      |                                   | Athuga hvort Nýherji eð Ex Libris geri þetta                                                                |
| Uppfærsla úr útgáfu 16 í 18                                                        | 9. júní       | Ex Libris                         |                                                                                                             |
| Upgrade Express, útgáfa 16 --> 17                                                  | 9. júní       |                                   |                                                                                                             |
| Upgrade Express, útgáfa 17 --> 18                                                  | 10. júní      |                                   |                                                                                                             |
| Lagfæra lánþega upplýsingar                                                        | 10. júní      | Ex Libris                         | Lagfæra tvöfaldar lánþegafærslur                                                                            |
| Uppfærslu lokið                                                                    | 10. júní      | Ex Libris og Landskerfi bókasafna |                                                                                                             |
| Afritataka (Cold backup) - Goethe og Blixen                                        | 10. júní      | Nýherji                           |                                                                                                             |
| Prófanir samkvæmt prófunarskýrslum                                                 | 11. júní      | Landskerfi bókasafna              |                                                                                                             |
| Álagsprófanir                                                                      |               |                                   |                                                                                                             |
| Samþykki                                                                           | 11. júní      | Landskerfi bókasafna              |                                                                                                             |
| Póstur til safnanna um opnun kerfisins                                             | 11. júní      | Landskerfi bókasafna              |                                                                                                             |
| Kerfið opnar                                                                       | 11. júní      | Landskerfi bókasafna              | Athugið að ekki er víst að kerfið opni strax um morgunin 11. júní, heldur gæti það dregist fram eftir degi. |